

Friedrich Kuhlau hefur verið nefndur Beethoven flautunnar, og er tríóið hans opus 119 upprunalega skrifað fyrir tvær flautur og píanó. Þegar á tímum tónskáldsins var verkið leikið á flautu, fiðlu og píanó.

Sónata fyrir flautu og píanó eftir J.F. Frølich var samin árið 1829 en er nú sjaldan flutt. Verkið þykir bæði frumlegt og dæmigert meðal verka tónskáldsins, sem var tónsetjari fyrir ballettmeistarann Bournonville í Kaupmannahöfn.

A.P. Berggreen er þekktastur fyrir sálmalög sín. Hann var nemandi Weyse en lék einnig á flautu.

César Cui starfaði í Rússlandi þar sem hann tilheyrði Fimm-menningunum, hópi tónskálda sem beitti sér fyrir nýjum þjóðlegum stíl í rússneskri tónlist.

Tónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Nanna Kagan
flautuleikari

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

og
Sigrún Vibe Skovmand
píanóleikari

Þriðjudaginn 27. júní 1995 kl. 20:30

Nanna Kagan stundaði nám hjá Poul Birkelund í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og var í framhaldsnámi í Ísrael á Rubin Akadémíunni í Tel-Aviv.

Sigrun Vibe Skovmand hlaut einnig menntun sína í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn, þar sem hún var nemandi Haralds Sigurðssonar, píanóleikara. Að loknu framhaldsnámi í París gerðist hún kennari við sama skóla. Nanna og Sigrún hafa undanfarin ár starfað með kammerhópnum Variante, sem aðallega flytur danska tónlist og sem hafa haldið tónleika víða, síðast á Ítalíu á þessu vori.

Hlíf Sigurjónsdóttir er íslenskum tónleikagestum að góðu kunn. Hún stundaði fiðlunám hérlendis undir handleiðslu Björns Ólafssonar og síðar í Bandaríkjunum og Kanada.

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af sýningu á klippimyndum eftir Gunhild Skovmand, sem er í efri sal safnsins og nefnist „einu sinni var . . .“

Efnisskrá

Friedrich Kuhlau
(1786 - 1832)

Trío óp. 119 fyrir flautu, fiðlu og píanó
Allegro
Adagio patetico, sostenuto assai
Rondo - Allegro

A.P. Berggreen
(1801 - 1880)

Fantasía um norskt þjóðlag (1825)
Guten aa Gjenta

J.F. Frølich
(1806 - 1860)

Sónata fyrir flautu og píanó (1829)
Allegro
Andante
Rondo - Allegro

César Cui
(1835 - 1918)

Fimm verk fyrir flautu, fiðlu og píanó
Badinage
Berceuse
Nocturno
Scherzino
Valse